

Því úrskurðast:

Krafa gerðarþola, að Jón Hjaltason fulltrúi víki sæti sem fógeti við framkvæmd lögtaksins, skal ekki tekin til greina.

Mánudaginn 3. nóvember 1952.

Nr. 69/1950. **Ákærvaldið** (Hermann Jónsson)

gegn

**Björgvini Árnasyni og
Þorgrími Starra Björgvinsyni**

(Sigurgeir Sigurjónsson).

Ómerking og heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdómariinn í máli þessu, Júlíus Havsteen, sýslumaður í Þingeyjarsýslu, ritaði hinn 4. febrúar 1949 Björgvini Árnasyni, er síðar var ákærður í máli þessu, bréf, þar sem sýslumaður kemst m. a. svo að orði: „Hitt hefur svo sannast enn betur en áður var upplýst, að bæði sonur yðar, Þorgrímur, og þér hafið veitt silung ólöglega og brotið gildandi veiðisamþykkt, enda hef ég játningu sonar yðar um þetta afbrot í bréfi til mín, og mun ég vísa því máli bæði til veiðimálastjóra og til dómsmálaráðuneytisins, og tel ég víst, að fyrirskipuð verði gegn yður og honum málshöfðun.“ Í bréfi, dags. 29. apríl 1949, tilkynnir sami sýslumaður Björgvini Árnasyni þá ákvörðun dómsmálaráðuneytisins, að rannsakað skuli ætlað brot ákærðu gegn lögum nr. 112/1941 um lax- og silungsveiði og refsíábyrgð komið fram gegn þeim. Kveðst sýslumaður höfða mál gegn ákærðu, er snjóa leysi, og bætir síðan við: „Að vísu getur það mál orðið býsna alvarlegt, þar sem um ítrekað brot er að ræða.“ Í framangreindum ummælum lét sýslumaður í ljós ótvíræða skoðun um sekt ákærðu, áður en fullkomin rannsókn í málinu hafði fram farið og það dæmt. Verður því ekki talið, að hann hafi haft svo hlutlausa afstöðu til sakborninga og sakarefnis, að honum hafi verið rétt að rannsaka og dæma málið. Bar sýslumanni því að víkja sæti í málinu. Verður af þessum sökum að ómerkja hinn áfrýjaða

dóm og próf málsins frá útgáfu stefnu á hendur ákærðu hinn 12. ágúst 1949.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti á hendur ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda í héraði, kr. 250.00, og málflytningislaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og próf málsins frá útgáfu stefnu hinn 12. ágúst 1949 eiga að vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað.

Allur sakarkostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, hæstaréttarlögmanns Einars Ásmundssonar, kr. 250.00, og málflytningislaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Hermanns Jónssonar og Sigurgeirs Sigurjónssonar, kr. 1000.00 til hvors.

Dómur lögregluréttar Þingeyjarsýslu 4. febrúar 1950.

Mál það, sem hér liggur fyrir, dómtekið í gær, er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn þeim feðgum Björgvini Árnasyni og Þorgrími Starra Björgvinssyni, báðum til heimilis í Garði í Skútustaðahreppi, fyrir brot gegn lögum nr. 112 9. október 1941 um lax- og silungsveiði. Kærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna og hafa áður hvorki sætt ákæru né refsingu fyrir lagabrot.

Hin nánari atvik málsins eru þessi: Þegar á árinu 1946 var grunur fallinn á a. m. k. ákærða Björgvin Árnason, bónda í Garði í Mývatnssveit, að hann væri brotlegur orðinn við V. kafla laga nr. 112/1941 um lax- og silungsveiði, og fór því hreppstjóri Skútustaðahrepps ásamt tveimur tilkvöddum vottum hinn 17. desember 1946 að Garði til þess að grennslast eftir því, hvað hæft væri í þessum grun eða orðrómi um veiðibrot Björgvins.

Þar sem hreppstjóri og þeir menn tveir, er hann kvaddi sér til aðstoðar, þóttust þess visir að afstaðinni rannsókn, að um veiðibrot gegn ofanefndum lögum væri að ræða, sendi hreppstjóri sama dag kæru til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu. Ætlaði valdsmaður að taka fyrir málið á manntalsþingi 1947, en sökum viðtals við héraðslækninn á Breiðumýri var frá þessu horfið vegna heilsufars kærða Björgvins Árnasonar, en

síðar um haustið áminnti lögreglustjóri hann mjög alvarlega um að óhlýðnast ekki veiðilöggjöfinni.

Svona stóðu sakir, þar til sýslumanni barst ítrekuð kæra hreppstjóra Skútustaðahrepps um veiðibrot hinna kærðu í máli þessu, dags. 11. desember 1848, sem lögð er fram í málinu „in originali“ við réttarrannsókn 26. ágúst árið sem leið, og fram tekið, að síðla kvölds föstudaginn 3. desember 1948 hafi hann ásamt „tæpum 20 mönnum“ farið til þess að rannsaka hraunborg norðan undir hólum þeim, sem bærinn Garður stendur sunnan undir, en þarna var álitíð, að kærðu geymdu hinn ólöglega veidda silung, og kom þá í ljós, að þarna voru 60—70 silungar, og „virtist allt vera riðsilungur og sumt nýveitt“, og enn fremur segir í kærinni: „Ekki verður annað álitíð en Björgvin bóndi í Garði og það félagsbú eigi þenna silung“ og „útilokað, að hann hafi verið veiddur á öngul“.

Með sama pósti og sýslumanni barst kæra hreppstjórans, kom til hans kæra frá Björgvini Árnasyni í Garði, dags. 21. desember 1948, þar sem hann ber á 16 tilgreinda menn í Mývatnssveit, þar á meðal hreppstjóran, að þeir hafi frá sér stolið þetta umrædda kvöld, 3. desember 1948, 16 böndum af silungi úr hraunborginni, sem hann nefnir „silungsbyrgi“.

Um þetta kærúmál, sem strax var rannsakað, sbr. réttarskjal nr. 5, framl. í lögreglurétti 26. ágúst 1948 og fylgir skjölum þessa máls „in originali“, er skemmst að segja, að það var á engum rökum reist, og varð kærandinn að undangenginni stefnu og sáttafundi að afturkalla opinberlega þjófásaburðinn og biðja á honum afsökunar.

Þessi ranga kæra er nú réttarskjal nr. 8 í máli þessu og fylgir „in originali“, lagt fram í lögreglurétti í gær, og er hún fullkomin játning ákærða Björgvins Árnasonar um það, að hann hafi átt a. m. k. 16 bönd eða 32 silunga af þeim, sem í byrginu voru og ólöglega veiddir.

Ekki er ein báran stök úr Garði með þessum jóla- eða nýárspósti 1948, því kærði Þorgrímur Starri hafði tekið sig til og skrifað sýslumanni um bæði silungshvarfið og hina ólöglegu veiði, sem hann viðstöðulaust játar á sig, en hann gerir meira, hann viðurkennir og í upphafi þessa bréfs, sem er dags. 21. des. 1948, sök föður síns um „ófrjálstan“ silung og ekki síður í niðurlagi bréfsins, þar sem hann kemst svo að orði: „Eru það nú tilmæli mín til yðar, sýslumaður, að reynt verði að láta bæði þessi mál niður falla.“

Dálagleg tilmæli til valdsmannsins, sem á að gæta laga og réttar. Samkvæmt þeim ætti hann að gera nokkurs konar „skuldajöfnuð“ á tveimur afbrotum. Því miður gefa þessi orð tilefni til þess að ætla, að hinn ósanni áburður um þjófnað í bréfi Björgvins hafi verið tilbúinn til þess að draga úr sök hans um veiðibrot og fá það mál hafið.

Kærði Þorgrímur Starri hefur endurtekið játningu sína um veiðibrot fyrir lögreglurétti Þingeyjarsýslu 26. ágúst s.l. og sömuleiðis kannast við að hafa skrifað tilgreint bréf 21. des. 1948 og er því sannur að sök.

Einnig hefur Björgvin Árnason viðurkennt kæru sína 21. des. 1948, bæði í þessu máli og með því opinberlega að afturkalla hana að afstöðnum sáttafundi 26/10 1949 að Reynihlíð, og er þá líka sannur að sök.

Þá hafa og vitni þau, sem leidd hafa verið í máli þessu, staðfest sök hinna kærðu um veiðibrot.

Vísast loks til þeirrar staðreyndar, að félagsbú er í Garði milli feðganna Björgvins Árnasonar og Þorgríms S. Björgvinssonar og að Þorgrímur var ógiftur í sambýli með foreldrum sínum, þegar þetta mál var höfðað, og feðgarnir því samsekir um ólöglega silungsveiði, sem þeir í félagskap hafa stundað.

Verjandi hefur fært umbjóðendum sínum til málsbótar, að þeir missi talsverðar tekjur og hlunnindi af jörðinni Garði, ef veiðin sé af þeim tekin, og er það að vísu rétt að nokkru leyti, en til þess að öðlast lagfæringu á þessu bar að fara aðrar leiðir en kærðu fóru. Með veiðibrotum sínum, hótunum um áframhaldandi veiðibrot, óhæfilegri og ósæmilegri framkomu kærða Björgvins Árnasonar fyrir rétti, sem var með þeim hætti, að hún er refsiverð, hvenær sem valdsmaður ákveður að láta hann svara til saka, hafa kærðu með öllu fyrirgert, að þeir verði látnir sleppa með lægstu sekt í máli þessu.

Samkvæmt því, sem hér að framan er sagt, verður að telja fullsannað, að kærðu í máli þessu, Björgvin Árnason og Þorgrímur S. Björgvinsson, hafi gerzt brotlegir við 22. gr. laga nr. 112 9. okt. 1941 um lax- og silungsveiði, og þykir því rétt, að þeir samkvæmt 89. gr., a, og 94. gr. sömu laga greiði sekt í sýslusjóð Suður-Þingeyjarsýslu.

Refsing Björgvins þykir eftir málavöxtum hæfilega ákveðin 300 króna sekt, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Refsing Þorgríms Starra þykir og hæfilega ákveðin 300 króna sekt, og komi í stað hennar 15 daga varðhald, verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu þessa dóms.

Svo greiði kærðu „in solidum“ allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun, 250 krónur, til hins skipaða verjanda í héraði, hæstaréttarlögmanns Einars Ásmundssonar, Reykjavík. Rekstur málsins í héraði hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði í máli þessu, Björgvin Árnason, til heimilis í Garði í Skútustaðahreppi, greiði 300 króna sekt í sýslusjóð Suður-Þingeyjarsýslu, og komi í stað sektarinnar 15 daga varðhald, sé hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu þessa dóms.

Kærði Þorgrímur Starri Björgvinsson, og til heimilis í Garði í Skútustaðahreppi, greiði 300 króna sekt í sýslusjóð Suður-Þingeyjarsýslu, og komi í stað sektarinnar 15 daga varðhald, sé hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Svo greiði kærðu, einn fyrir báða og báðir fyrir einn, allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin kr. 250.00 málsvarnarlaun til hins skipaða verjanda í héraði, hrl. Einars Ásmundssonar, Reykjavík.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.